



Alþýðusamband Íslands

Félagsmálaskólinn – brugðist við auknu atvinnuleysi

Út er kominn nýr bæklingur með yfirliti yfir allt námsframboð á vegum Félagsmálaskóla alþýðu á árinu 2009 og hefur bæklingurinn þegar verið sendur öllum stéttarfélögum. Upplýsingar um þessi námskeið má einnig finna á heimasíðu skólans www.felagsmalaskoli.is

Á hverri önn er boðið upp á sérhæfð námskeið fyrir alla talsmenn stéttarféлага og á þeim er lögð áhersla á hefðbundna félagslega fræðslu. Jafnframt er leitast við að bjóða upp á námskeið sem taka á mállefnum sem eru í brennidepli hverju sinni. Undanfarna mánuði hefur t.a.m. verið boðið uppá sérstök námskeið til þess að bregðast við erfiðum aðstæðum í efnahagslífinu um þessar mundir. Þau eru *Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir – Fjármálalæsi - fjármál heimilanna og Sálrænn stuðningur*. Félögin hafa boðið sínum félagsmönnum uppá þessi námskeið og hafa þau verið vel sótt. Í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði má búast við að margir félagsmenn sem misst hafa vinnuna á síðustu vikum og mánuðum hafi áhuga á að fara á námskeið og nýta tímann til að mennta sig og efla. Mikilvægt er að félagsmenn haldi áfram að greiða í stéttarfélögin þegar þeir missa vinnuna til að tryggja að þeir tapi ekki þeim réttindum sem fylgja því að vera í stéttarfélagi, s.s. aðgengi að fræðslusjóðum og þeirri þjónustu sem stéttarfélögin bjóða uppá.

Formlegt mat

Félagsmálaskóli alþýðu hefur til margra ára boðið uppá trúnaðarmannanámskeið þar sem megináhersla er lögð á að efla þátttakendur sem félagslega trúnaðarmenn á vinnustöðum. Gefnar hafa verið út námsskrár fyrir trúnaðarmannanámskeiðin sem menntamálaráðuneytið hefur staðfest mat á og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefur út. Trúnaðarmenn sem sækja þessi námskeið geta sótt um að fá þau metin til styttingar á námi í framhaldsskólum.

Námsskrá fyrir *Trúnaðarmannanámsskeið I* er 81 kennslustund (sem samsvarar tveimur vikum) og þegar trúnaðarmenn hafa lokið þeim geta þeir fengið allt að 6 einingar metnar til styttingar á námi í framhaldsskóla. Sum félög hafa haldið fimm daga námskeið á meðan önnur hafa skipt fimm daga námskeiðum í tvennt (þrjá daga og tvo daga).

Trúnaðamannanámsskeið II er 61 kennslustund (sem samsvarar einni og hálfri viku) og fæst metin til allt að 5 eininga á framhaldsskólastigi.

Þó verður að ítreka að það er undir hverjum og einum framhaldsskóla komið hvað hann metur mikið og fer það m.a. eftir námsframboði hvers skóla, hvað hann metur og hvort hann hafi sambærilegt nám á sínum snærum.

Eyrún Björk Valsdóttir

Deildarstjóri fræðsludeildar eyrun@asi.is